



# Fréttabréf Árskógarsskóla

3. tölublað, 1. árgangur, 1. nóvember 2012 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

**Leikur-Nám-Lífsgleði-Þrautseigja-Umhyggja-Virðing-Útiskóli-Hreyfing-Hollusta-Samvinna**

## Sími

**460-4970**



**Kötlukot 460-4973**

## Skólanámskrá

Vinna við skólanámskrá og starfsáætlun skólans er í gangi og markmiðið er að til verði gild námskrá sumarið 2013.

## Heimasíða skólans



<http://dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>

## Lokanir framundan!

**Mánudaginn 5. nóvember** er viðtalsdagur grunnskóla. Þann dag er engin kennsla grunnskólabarna.

**Mánudaginn 12. nóvember** er skipulagsdagur, þann dag er frí hjá grunnskólabörnum en Kötlukot lokar eftir hádegismat 12:15

## Kæra skólasamfélag

Lyginni líkast en líklegast rétt.... það er kominn nóvember. Já tíminn frá því við byrjuðum í ágúst hefur liðið hratt og margt verið brallað. Nemendur og starfsfólk hafa áttað sig á hvar mörkin liggja, hvernig samskipti við viljum hafa í skólanum og hvernig það er að leika, læra og vinna í skóla þar sem eru tvö skólastig. Við höfum séð að möguleikarnir eru miklir og nú þegar hafa stór skref verið stigin í samtvinningu leik- og grunnskóla með þemavikuverkefnum og ýmsu öðru. Við erum rétt að byrja, höldum ótrauð áfram og gerum okkar besta... og aðeins betur ef það er það sem þarf! Já, það vantar sko ekkert malt í liðið í Árskógarsskóla.

Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson, skólastjóri

## Heimasíðan hlaðin upplýsingum!

Á heimasíðu skólans <http://dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/> er að finna ýmsar upplýsingar sem vert er að skoða, t.d. bekkjarsáttmála 5.-7. bekkjar, myndir frá þemaviku og margt fleira.

## Skólareglur og skýr mörk Árskógarsskóla

Á næstunni fer fram vinna við að móta skólareglur með þátttöku nemenda, starfsfólks og frábært væri að fá tillögur frá foreldrum! Fyrstu skrefin voru að setja skýr mörk út frá Uppbyggingarstefnunni sem eiga að stuðla að auknu öryggi í skólanum og skapa aðstæður til að nemendur geti öðlast sjálfstjórn og eflst að þroska og visku.

**Ekkert ofbeldi, stríðni né einelti**

**Engin vopn**

**Engar ógnanir, ögranir eða hótanir við neinn í skólasamfélaginu**

**Engin meðvituð truflun á skólastarfi**

**Engin skemmdarverk eða þjófnaðir**

**Engin mismunun t.d. vegna uppruna, fötlunar, kyns og svo framvegis**

Að fara yfir skýru mörkin stangast á við hugmyndir um öryggi einstaklingsins í skólanum og hópsins sem heildar. Það stangast einnig á við hugmyndir okkar um virðingu fyrir sjálfum okkur, öðrum og umhverfinu.

## Stjórn foreldrafélagsins.

Á fundi 9. október var kosin stjórn Foreldrafélags Árskógarsskóla.

Stjórnina skipa: Inga Rut Pétursdóttir, Karen Lind Árnadóttir, Ólafur Pálmi Agnarsson, Þorsteinn Marínósson og Hólmfríður Helga Björnsdóttir

## Óveður - almannavarnir

Þegar veður gerast vond getur það talist álitamál hvenær hægt er að ætla nemendum að sækja skóla. Í öllum tilfellum koma nemendur skólans annað hvort með skólabíl eða einkabíl og því er það mat bílstjóra skólabíls í samráði við skólastjóra hvort hann fari af stað og mat foreldra hvort nemendur séu kyrrsettir heima. Ef skólabíllinn fer ekki af stað lætur skólastjóri boð ganga og aflýsir skólahaldi.

Skólinn er því opinn nema ef almannavarnir ráðleggi að skóla sé aflýst eða skólastjóri meti aðstæður sem svo og er það gert með sendingu smáskilaboða sms gegnum mentor. Það er því mat foreldra hvort nemendur eru kyrrsettir heima ef skóla er ekki aflýst en veður og færð er slæmt. Tilkynna skal slíkt í skólann eins fljótt og kostur er, best er að senda tölvupóst á netfangið [arskogarskoli@dalvikurbyggd.is](mailto:arskogarskoli@dalvikurbyggd.is) eða hringja í síma 460-4971 (skólastjóri) eða 460-4973 (Kötlukot).

Í Árskógarsskóla er unnið samkvæmt eftirfarandi skipulagi:

Bresti á slæmt veður þegar nemendur eru í skólanum eða hættuástand auglýst af almannavörnum verða þeir kyrrsettir þar til þeir hafa verið sóttir af foreldrum/rútu. Skólastjóri í samráði við lögreglu metur aðstæður og stjórnar heimferð nemenda.



Hvar er uglan eiginlega?

Bresti á slæmt veður á meðan nemendur eru í skólabíl metur bílstjóri aðstæður og hvort hann geti haldið áfram för eða kalla þurfi eftir aðstoð björgunar-sveitar. Þetta skal gert í samráði við skólastjóra og lögreglu.

## Úr grein sem birtist í DB blaðinu um skólann okkar

Börnunum líður almennt vel, foreldrar eru í góðum samskiptum við starfsfólk og stór skref hafa verið stigin í átt að þröskuldalausum skóla þar sem skólastigin tvö, leik- og grunnskóli, njóta kosta sinna og styðja við hvort annað. Í sundi og íþróttum renna skólastigin m.a. saman, í þemaviku í október þar sem unnið var með heimabyggð var unnið í aldursblönduðum hópum og starfsfólk vann saman þvert á skólastig. Það er magnað hvað sú vika gekk vel miðað við lítinn undirbúningstíma en ástæðan er einföld; samstíga starfsfólk sem hefur trú á verkefninu og lætur hlutina ganga upp svo börnin njóti sín í fjölbreyttum verkefnum. Börn og starfsfólk fóru saman í fjallgöngu, röltu á Hauganes og heimsóttu Ektafisk, Sveinn kálfur kom á gæðastund og sagði sögur af Ströndinni, yngstu börnin bökuðu fyrir opið hús, kirkjan var búin til úr einingakubbum og Kötlufjall úr hænsnaneti og pappamassa og svona mætti lengi telja. Það er ljóst að við eigum mikið inni hvað varðar samvinnu og blöndun þar sem stórir og smáir vinna saman að ýmsum markmiðum.

## Jólafondur!

**Fimmtudaginn 29. nóvember 16<sup>00</sup>-19<sup>00</sup> verður jólafondur í skólanum í samvinnu við foreldrafélagið. Allir saman að fönndra (skapa) og fá sér gott í gogginn! Nánar auglýst síðar..... jóla hvað?**